

*Furthering Innovative Regions of Europe (FIERE)  
Samantekt - Literary review*



*Dr. Valerie Brett, Centre for Enterprise Development and Regional Economy  
(CEDRE),*

*Prof. Bill O’Gorman, Centre for Enterprise Development and Regional Economy (CEDRE),  
School of Business, Waterford Institute of Technology*

-----



# *Furthering Innovative Regions of Europe (FIERE)*

## *Samantekt - Literary review*

FIERE (Furthering Innovative Regions of Europe)<sup>1</sup> verkefnið hefur það markmið að efla svæðisbundið frumkvöðlastarf og nýsköpun með því að vinna með opinberum stofnunum, samtökum og fyrirtækjum sem starfa á samfélagslegum grunni (not-for-profit). Horft er til þess að efla stofnanir, fyrirtæki og frumkvöðla er vinna að samfélags- og byggðaðpróun í hlutverki sínu með því að bjóða þeim frumkvöðla- og nýsköpunarfræðslu. Áhersla verður lögð á að vinna með aðilum sem vinna að stefnumótun, atvinnuráðgjöfum, starfsmönnum og kjörnum fulltrúum í sveitarfélögum, eigendum og stjórnendum fyrirtækja, stofnanna og samtaka sem vinna að samfélags- og byggðaðpróun.

Það er áskorun að þróa nýsköpunar- og frumkvöðlafræðslu sem hentar þessum markhópi og byggir á lykilmæðniþáttum frumkvöðla- og nýsköpunarfræða. Lykilþættir FIERE verkefnisins eru:

- (i) Skilgreina markhópin eða svæðis-, samfélags- og landshlutastofnanir og fyrirtæki sem ætlunin er að vinna með.
- (ii) Þróa og vinna könnun til að skilgreina þarfir markhópsins (TNA - Training Needs Analysis) fyrir frumkvöðlafræði, nýsköpun, skapandi hugsun o.s.frv.
- (iii) Setja fram og þróa hugmyndir að þjálfun og/eða námsbraut fyrir þá sem stýra, styðja eða vinna við samfélags- og byggðaðpróun hvort sem er í stofnunum, fyrirtækjum eða samtökum.

Johannisson (1991) setti fram rammaskilgreiningu fyrir frumkvöðlanám þar sem lögð er áhersla á að; af hverju frumkvöðlar fara af stað (gildi), hvað frumkvöðlar þurfa að gera (þekking), hvernig frumkvöðlar ná árangri (færni), til hverra leita þeir (samskiptafærni og tengslanet), og hvenær er heppilegt að fara af stað (reynsla og innsæi). Frumkvöðlafræðsla byggir á fyrrgreindum þáttum og nemendur hafa ólíkar þarfir í tengslum við ólíka þætti frumkvöðlaferlisins (Henry et al. 2005). Mikilvægt er að skilja ólík markmið og þarfir nemenda til að geta skipulagt og sett fram innihald og efni námsins. Gorman, Hanlon, og King (1997) lögðu áherslu á mikilvægi þess að para rétt saman þarfir nemenda, námsskrá og kennslufræði til að tryggja árangursríkt og hagnýtt nám.

Námsskrár í frumkvöðlafræðum taka oftast mið af því annarsvegar að *Læra um (learning about)* frumkvöðlastarf og hinsvegar að *Læra að (learning to)* vera frumkvöðull. Nám um frumkvöðlastarf fer fram á hefðbundinn hátt með fyrirlestrum, verkefnum og prófum á meðan nám fyrir frumkvöðla hefur það að markmiði að byggja upp færni og þekkingu sem býr nemandann undir það að vinna líkt og frumkvöðull. (Foster and Lin, 2003). Almenn virðast fræðimenn skilgreina eftirfarandi lykilþætti frumkvöðlanáms (Jamieson, 1984, Henry et al, 2005);

- i. Nám **um** fyrirtækið: Starfsemi, stofnun og rekstur fyrirtækja byggt á kenningum.
- ii. Nám **fyrir** fyrirtæki: Styðja nýja eða mögulega frumkvöðla með hagnýtri þekkingu.
- iii. Nám **í** fyrirtækinu: Þjálfun.

Mikið hefur verið gefið út og margar skoðanir eru um frumkvöðlanám. Ljóst er að skoðanir og nálganir taka mið af ólíkum sjónarhornum, gildum og markmiðum einstaklinga og umhverfis hvort sem er í faglegu eða menningarlegu tilliti.

<sup>1</sup> This project has been funded with support from the European Commission. This publication reflects the views only of the author, and the Commission cannot be held responsible for any use which may be made of the information contained therein.

# *Furthering Innovative Regions of Europe (FIERE)*

## *Samantekt - Literary review*

Samstarfsaðilar í FIERE verkefninu gera sér grein fyrir að taka þarf mið af markhópum á ólíkum svæðum og fyrirliggjandi þekkingu og færni í þróun námsins. Þar sem um alþjóðlegt verkefni er að ræða kann að vera nauðsynlegt að meta áhrif menningar á nám, skilning og skoðun þátttakenda af frumkvöðlanámi. (Foster and Lin, 2003) Skilningur á bakgrunni, reynslu og markmiðum þátttakenda mun styðja við þróun fræðslunnar og árangursviðmið hennar. Tafla 1 byggir á samantekt og efnisöflun samstarfsaðila og veitir yfirlit yfir mögulegt innihald námsins, viðmið í vali á þátttakendum og námsumhverfi sem FIERE samstarfsaðilar geta nýtt sér í skipulagningu og framkvæmd frumkvöðlafræðslu og -þjálfunar. Markhóparnir eru sem fyrr segir frumkvöðlar (social entrepreneurs), leiðtogar, sjálfboðaliðar og starfsmenn samtaka og hópa er vinna að samfélags- og byggðapróun auk opinbera starfsmanna á vettvangi samfélags- og byggðapróunar.

**Tafla 1: Mögulegt innihald náms, Viðmið í vali þátttakenda og Námsumhverfi**

Mögulegt innihald náms(skeiða)	Viðmið í vali þátttakenda	Námsumhverfi
<p>Mikilvægi tengslanets og samstarfs í samfélaginu; og mikilvægi þess að einstaklingur búi yfir góðum tengslum við lykilaðila og byggi á og bæti við þá starsemi/þjónustu sem þegar er í boði (Sundin and Tillmar, 2008).</p> <p>Námið þarf að mæta þörfum þátttakenda og auka þekkingu þeirra og færni. Skoða þarf hvort framkvæma eigi mat á þekkingu, skoðunum, eiginleikum og færni þátttakenda áður en nám fer af stað.</p> <p>Leggja áherslu á hvatningu og frumkvöðlaanda sem lykilþátt í náminu (Taatila, 2010).</p> <p>Koma auga á tækifæri: Færni til að uppgötva og þróa viðskipta (samfélags) hugmyndir telst vera lykilmærni frumkvöðla sem ná árangri. (Ardichvili, Cardozo, and Ray, 2003; Shane and Venkataraman, 2000).</p> <p>Hvetja þátttakendur til að koma með eigin hugmyndir og verkefni til að vinna með á námskeiðinu. Þannig geta þátttakendur unnið með leiðbeinendum og öðrum þátttakendum að því að þróa hugmyndir sínar samanber stuðningur og samstarfsnet frumkvöðla.</p>	<p>Endurmenntun: Þátttakendur þurfa að skilgreina hugmyndir sínar og skoðanir um frumkvöðlastarf, frumkvöðla og frumkvöðla- og nýsköpunarferlið. Hvetja þarf þá til að vera skapandi, tjá sig og sinn persónuleika. (Carayannis, Evans and Hanson, 2003).</p> <p>Þjálfunin ætti að leiða til þess að fjölga þeim sem hafa nægilega þekkingu um fyrirtækjarekstur til að geta jafnvel hugsað sér að fara út í slíkan rekstur í framtíðinni. (Jamieson, 1984), [mikilvægast er þó að þátttakendur geti aðstoðað og stutt aðra sem mögulega vilja stofna fyrirtæki].</p> <p>Leggja þarf mat á þátttakendur áður en þeir eru skráðir í námið til að greina fyrirliggjandi þekkingu og áhuga. Spear (2006) í greiningu (case study) sinni á <b>social entrepreneurship</b> tók hann eftir því að bakgrunnur t.d. í tengslum við aðkomu að fjölskyldufyrirtæki eða rekstri smáfyrirtækis hjálpaði þátttakendum að skilja og taka virkan þátt í frumkvöðlafræðslu.</p> <p>Mikilvægt er að umtalsverður hluti námsins byggji á raunhæfum verkefnum og tilraunum. Mikilvægt er að þátttakendur upplifi sjálfir það ferli sem frumkvöðullinn gengur í gegnum til að þróa hugmyndir sínar, byggt á fyrri reynslu og þekkingu. Þess vegna er mikilvægt að þátttakendur taki sjálfir mið af eigin þekkingu og reynslu.</p> <p>Þátttakendur þurfa helst að vera í áhrifastöðu innan fyrirtækja eða stofnanna þannig að þeir geti nýtt þjálfunina til að hrinda af stað breytingum í sínu nærumhverfi.</p> <p>Þátttakendur ættu að hafa áhuga og vilja til að styðja við svæðis- og byggðapróun og sjálfbærni og hagsæld í sínu umhverfi.</p>	<p>Mikilvægt er að námsumhverfi styðji við og leyfi skapandi starf og sjálfstæða hugsun. (Carayannis, Evans and Hanson, 2003). Fámennir námshópar og færir leiðbeinendur.</p> <p>Áhersla á byggða- og samfélagsþróun ætti að auðvelda samstarf og aðkomu reyndra frumkvöðla sem hafa áhuga á að miðla sinni reynslu og þekkingu til þátttakenda sem leiðbeinendur og ráðgjafar.</p> <p>Eyða þarf kerfislægum og hagrænum hindrunum og leggja áherslu á sveigjanleika, hvetja til nýsköpunar og samstarfs með því að leggja til aðferðir og leiðir til að hrinda af stað nýjum verkefnum og skapa andrúmsloft sem styður við frumkvöðlastarf. (Younhee, 2010)</p> <p>Skipulag námsins ætti að byggja á ákveðnu flæði frekar en skilgreindu ferli, til að styðja við aukin samskipti og samstarf milli ólíkra aðila og valdhafa; skipulag þarf að vera sveigjanlegt í stað þess að taka mið af skilgreindu skipulagi valda og ákvarðanatöku (Younhee, 2010)</p>

## *Furthering Innovative Regions of Europe (FIERE)*

### *Samantekt - Literary review*

Flóknara er að kenna frumkvöðlafræði fyrir einstaklinga sem starfa í stofnunum og fyrirtækjum sem byggja samfélagsgrunni eða sjálfböðavinnu. Markmiðið með náminu er ekki að búa til frumkvöðul heldur að efla frumkvöðlaandann. Í þeim tilvikum ætti megin markmið námsins að vera að auka þekkingu og sjálfstraust þátttakenda. Cox (1996) taldi að sjálfstraust og sjálfstæði væru lykilþættir í að efla frumkvöðlaandann og draga fram eigin frumkvöðlafærni (Henry, et al. 2005). Þar af leiðir að allt frumkvöðlanám eða námsskrá fyrir samfélagsleiðtoga (social entrepreneurs), sjálfböðaliðasamtök eða opinbera starfsmenn er starfa að samfélags- og byggðaðpróun verður að byggja á því að kveikja og styrkja sjálfstraust, sjálfstæði og aðra persónulega færni þátttakenda.

# *Furthering Innovative Regions of Europe (FIERE)*

## *Samantekt - Literary review*

### **Tilvitnanir**

- Ardichvili, A., Cardozo, R., Ray, S. (2003) A theory of entrepreneurial opportunity, identification and development, *Journal of business Venturing*, 18 (1), pp105-123.
- Carayannis, G. E., Evans, D., Hanson, M. (2003) A cross-cultural learning strategy for entrepreneurship education: outline key concepts and lessons learned from a comparative study of entrepreneurship students in France and the US, *Technovation*, 23, pp.757-771.
- Cox, L.W. (1996) The goals and impact of educational interventions in the early stages of entrepreneur career development, *Proceedings of the Internationalising Entrepreneurship Education and Training Conference*.
- Foster, J., Lin, A. (2003) Individual differences in learning entrepreneurship and their implications for web-based instruction in e-business and e-commerce, *British Journal of Educational Technology*, Vol. 34, No 4, pp.455-465.
- Gorman, G., Hanlon, D. and King, W. (1997) Some research perspectives on entrepreneurship education, enterprise education and education for small business management: a ten year literature review, *International Small Business Journal*, Vol. 15 No. 3, pp. 56-78.
- Henry, C., Hill, F., Leitch, C. (2005) Entrepreneurship education and training: can entrepreneurship be taught? Part I, *Education and Training*, Vol. 47, No2, pp.98-111.
- Jamieson, I. (1984) Education for enterprise, in Watts, A.G. and Moran, P. (Eds), CRAC, Ballinger, Cambridge, pp. 19-27.
- Johannisson, B. (1991) University training for entrepreneurship: A Swedish approach, *Entrepreneurship and Regional Development* Vol.3 (1), pp.67-82.
- Shane, S. and Venkataraman, S. (2000) The promise of entrepreneurship as a field of research, *Academy of Management Review*, 25(1), 217-226.
- Spear, R. (2006) Social entrepreneurship: A different model? *International Journal of Social Economics*, Vol. 33, No 5/6, pp.399-410.
- Sundin, E., and Tillmar, M. (2008) A Nurse and a Civil Servant, change institutions: Entrepreneurial processes in different public sector organizations, *Scandinavian Journal of Management*, Vol. 24, pp.113-124.
- Taatila, P. V. (2010) Learning entrepreneurship in higher education, *Education and Training*, Vol. 52, No1, pp.48-61.
- Younhee, K. (2010) Stimulating Entrepreneurial Practices in the Public Sector: The Roles of Organizational Characteristics, *Administration and Society*, August, 4, 2010.